



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

*Alþingi*

*Erindi nr. P 132/1000*

*komudagur 23.2.2006*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 22. febrúar 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hlutafélög, 444. mál,  
stjórnarhættir, starfskjör stjórnenda, og frumvarp til laga um  
einkahlutafélög, 445. mál með sama heiti.**

Í þessum frumvörpum er lagt til að í lög um hlutafélög annars vegar og lög um einkahlutafélög hins vegar verði tekin upp ákvæði sem stuðla eiga að bættum stjórnarháttum í slíkum félögum. Ýtarlega er gerð grein fyrir efni þessara tillagna og röksemdum fyrir þeim í athugasemdum. Ber að fagna því hve vel hefur verið staðið að allri vinnu við samningu þessa frumvarps.

Alþýðusambandið tekur undir þá stefnumótun sem liggur til grundvallar þessum frumvörpum og styður efni þeirra.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Ingvar Sverrisson



Félag löggiltra endurskoðenda

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/997**  
**komudagur 23.2.2006**

Reykjavík 22. febrúar 2006  
Tilv. FLE 3-2006

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**c/o Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**


**Málefni: Frumvarp til laga um hlutafélög, 444. mál, stjórnarhættir, starfskjör stjórnenda.**

Með bréfi dags. 10. febrúar sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og taldi hún að ekki væri tilefni til sérstakrar umsagnar um það af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllt,  
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

  
Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir  
Framkvæmdastjóri FLE

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 132/999

komudagur 23.2.2006

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Hlínar L. Sigfúsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

22. febrúar 2006

Tilvísun: 2006020031


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hlutafélög, 444. mál og um frumvarp til laga um einkahlutafélög 445. mál.**

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 10. febrúar 2006, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um hlutafélög, 444. mál, stjórnarhættir, starfskjör stjórnenda og um frumvarp til laga um einkahlutafélög, 445. mál, stjórnarhættir og starfskjör stjórnenda. Með frumvörpunum er m.a. lagt til að ákvæði hlutafélaga- og einkahlutafélagalaganna um starfskjör stjórnanda og samskipti við hlutahafa verði nánar útfærð.


Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvörpin og gerir ekki athugasemdir við efni þeirra.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Ragnar Hafliðason

  
Björg Fengar



KAUPHÖLL ÍSLANDS  
Iceland Stock Exchange

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1002  
komudagur 23.2.2006

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2006  
Tilv. 111  
ÁSK

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hlutafélög og frumvarp til laga um einkahlutafélög**


Um efnið vísast til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 10. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Kauphallar Íslands á frumvarpi til laga um hlutafélög, 444. mál, stjórnarhættir, starfskjör stjórnenda, og frumvarp til laga um einkahlutafélög, 445. mál, stjórnarhættir, starfskjör stjórnenda.

Í athugasemdum við lagafrumvörpin kemur fram að þau séu samin með hliðsjón af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis sem viðskiptaráðherra skipaði árið 2004. Kauphöllin hefur áður veitt umsögn um frumvörp sem samin voru með hliðsjón af þessari skýrslu. Þá taldi Kauphöllin margt vera til bóta í frumvörpunum en einnig að þar væri að finna atriði sem væru til hins verra að mati Kauphallarinnar og önnur sem orkuðu tvímælis eða þörfnuðust að minnsta kosti nánari skoðunar. Íslensk hlutafélög starfa í dag í ríkari mæli í alþjóðlegu umhverfi en áður. Mörg félög starfa á erlendum vettvangi og er því mikilvægt að lagaumgjörð þeirra sé ekki strangari og gangi lengra en nauðsyn beri til, en í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Telja verður varhugavert að setja nýjar reglur sem ekki gilda annars staðar. Slíkt er til þess fallið að skerða samkeppnisstöðu íslenskra félaga. Þá verður að hafa í huga að leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og reglur Kauphallarinnar fyrir útgefendur verðbréfa í Kauphöll Íslands eru félögunum aðhald á ýmsum sviðum og hefur það gefist vel í raun.

Athugasemdir um einstök atriði frumvarpsins:

*1. Framboðstilkynning til stjórnar félagsins*

Kauphöllin telur ákvæðið vera almennt til bóta en telur þó ekki nauðsynlegt að frambjóðendur í stjórnarkjöri skili svo ítarlegum upplýsingum til félagsstjórnar eins og fram kemur í ákvæðinu. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og reglur Kauphallarinnar taka á þessum atriðum með einum og öðrum hætti og telur Kauphöllin að það sé nægilegt.




## 2. Starfskjarastefna

Eins og í fyrri umsögn Kauphallarinnar mælir Kauphöllin gegn þessari breytingu. Í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við, er mun algengara að hafa reglur um launastefnu og starfskjör í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrir fyrirtæki en í lögum. Varhugavert er að setja reglu sem í dag er ekki almenn regla í löndum sem við berum okkur helst saman við. Í athugasemdum með greininni kemur fram að þær breytingar sem lagðar eru til séu að nokkru leyti byggðar á sambærilegum tillögum Norðmanna. Þær tillögur eru ósamþykktar og ekki enn orðnar að lögum. Engin reynsla er því komin á það hvernig gengur að framfylgja þessum reglum í raun. Einnig eru kynntar tillögur í Svíþjóð og að í Bretlandi hafi verið sett reglugerð um sambærileg mál. Fyrirmyndir ákvæðisins eru því ekki almenn regla. Það er því ljóst að þessi lagabreyting gengur lengra en dæmi eru um í helstu viðmiðunarlöndum. Nauðsynlegt er að félög hafi ákveðið svigrúm til að skipa þessum málum í þann farveg sem hentar félögum hverju sinni. Um félögin gildir samningafrelsi og er minnihlutavernd tryggð með ýmsum hætti í lögum um félögin ef ljóst er að stjórnir félaga semja um stjórnarhætti og starfskjör með þeim hætti að félögin beri skaða af. Þá má einnig geta þess að skráð félög hér á landi þurfa að gefa all ítarlegar upplýsingar um laun og starfskjör reglulega, sjá nánar í reglum Kauphallarinnar. Sú upplýsingaskylda hefur talist fullnægjandi fyrir markaðinn hingað til. Eins er tekið á þessu í leiðbeiningum fyrir stjórnarhætti fyrirtækja. Umrætt ákvæði um starfskjarastefnu er að finna bæði í frumvarpi til breytinga á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Telja verður að minni félögum sé verulega íþyngt með þessu ákvæði miðað við það sem tíðkast í öðrum löndum.

## 3. Sérstakar rannsóknir

Kauphöllin telur ákvæðið til bóta en telur rétt að ítreka það sem kom fram í fyrri umsögn, þ.e. að æskilegt væri að hafa nákvæmari lýsingu á því hvers konar rannsóknir gæti verið um að ræða, hvers konar aðgengi hluthafar fengju að upplýsingum og hvernig tryggt sé að trúnaður varðandi viðkvæmar viðskipta-upplýsingar sé haldinn. Með ákvæðinu er verið að rýmka heimildir hluthafa til að fara fram á rannsókn á ákveðnum atriðum er varða félagið, slík rannsókn gæti verið viðurhlutamikil fyrir félagið, sérstaklega ef hún er gerð án nægilegs tilefnis og óljóst á hvaða rökum hún sé byggð. Því er nauðsynlegt að afmarka nánar í lögum hvenær hluthafar geta farið fram á rannsókn á grundvelli þessa ákvæðis.

Önnur ákvæði frumvarpanna telur Kauphöllin vera til bóta og vísar í fyrri umsögn sína þar sem við á. Rétt er þó að taka sérstaklega fram eins og í fyrri umsögn að Kauphöllin telur ekki rétt að sömu reglur gildi alltaf um hlutafélög og einkahlutafélög. Verulegur munur er á skráðu almenningshlutafélagi og einkahlutafélagi, s.s. talsverður munur á fjölda hluthafa og verður að gæta þess í allri reglusetningu að ekki sé gengið lengra hverju sinni en nauðsynlegt er og meta í hverju tilviki hvort reglusetningin sé til þess fallin að íþyngja verulega minni félögum þótt reglan eigi rétt á sér í hlutafélögum og sé nauðsynleg.



KAUPHÖLL ÍSLANDS  
Iceland Stock Exchange

Það er mat Kauphallarinnar að frumvörpin muni, í þeirri mynd, sem þau hafa verið lögð fram, þrengja að íslenskum félögum og jafnvel skaða samkeppnisstöðu þeirra. Kauphöllin leggur til að ofangreind ákvæði verði endurskoðuð á þann hátt að þau gangi ekki lengri en þau lönd sem við berum okkur saman við og að þau verði til þess fallinn að efla íslensk félög en ekki veikja þau með íþyngjandi reglusetningu.

Virðingarfyllst,



Þórður Friðjónsson, forstjóri

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/909**  
**komudagur 17.2.2006**

Nefndasvið Alþingis  
17.2.2006

Efnahags- og viðskiptanefnd sendi Reikningsskilaráði til umsagnar frumvarp til laga um hlutafélög (444 mál) og um einkahlutafélög (445 mál). Umsagnarfrestur var veittur til 23. feb. Skipanatími Reikningsskilaráðs er búinn og hefur fjármálaráðuneytið ekki skipað menn í nýtt Reikningsskilaráð. Þar sem Reikningsskilaráð er ekki starfandi þessa stundina þá er ekki að vænta umsagnar ráðs í þessum málum.

með kveðju  
Albert Ólafsson  
ritari Reikningsskilaráðs



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/1399**  
**komudagur 22.3.2006**

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 – 10,

Dagsetning  
20. mars 2006

Tilvísun  
A-8  
LÖ/bb

150 Reykjavík.

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar dags. 10. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um hlutafélög, 444. mál, stjórnarhættir, starfskjör stjórnenda og frumvarp til laga um einkahlutafélög, 445. mál, stjórnarhættir, starfskjör stjórnenda.

Í frumvörpum þessum eru lagðar til breytingar í gildandi lögum er taka mið af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis og lúta þær m.a. að farmboði til stjórnar hlutafélags, rafrænni þátttöku í hluthafafundum, rafrænum skjalasamskiptum o.fl.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við efni frumvarpa þessara. Stofnunin biðst jafnframt velvirðingar á hinni síðbúnu umsögn en erindið mislagðist innan veggja hennar.

Sis. þod  
Lárus Ózue.



Alþingi  
Erindi nr. Þ 132/1239  
komudagur 9.3.2006

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. mars 2006 2006020189  
T-ums 03/06

**Efni: Umsögn um mál 444 og mál 445 um breytingar á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.**

Með bréfum háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 10. febrúar 2006, er óskað eftir umsögnum ríkisskattstjóra og hlutafélagaskrár um frumvarp til laga um breyting á lögum um hlutafélög á þingskjali 666 og lögum um einkahlutafélög á þingskjali 667 er varðar m.a. rafræna stjórnarfundum og hluthafafundi og boðun þeirra. Enn fremur eru ákvæði um samþykkt á aðalfundi um stefnumið félaga sem skyld eru að kjósa sér endurskoðendur.

Ríkisskattstjóri sem meðal annarra verkefna starfrækir hlutafélagaskrá hefur kynnt sér frumvörpin sem eru að meginhluta til samhljóða og gefur eftirfarandi umsögn.

**Um 3. grein hlutafélagafrumvarpsins og 2. gr. einkahlutafélagafrumvarpsins**

Í 1. mgr. 3. gr. hlutafélagafrumvarpsins sbr. 2. gr. einkahlutafélagafrumvarpsins eru lögð til ákvæði þess efnis að félög sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.-3. mgr. 59. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, skuli samþykkja stefnumið félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess. Skv. 2. mgr. skal félagsstjórn birta stefnumiðin í tengslum við aðalfund félagsins og jafnframt upplýsa viðsemjendur sína um það hvað felist í stefnumiðunum og skv. 3. mgr. skulu stefnumiðin samþykkt á aðalfundi.

**a) Tilvísun í lög um ársreikninga**

Bent skal á að lög um ársreikninga hafa verið endurútgefin sem lög nr. 3/2006 og fyrrum 1.-3 mgr. 59. gr. er nú 1.-3 mgr. 98. gr. Sama á við um tilvísun til laga um ársreikninga í 5. gr. og d-lið 7. gr. hlutafélagafrumvarpsins og 4. gr. og 6. gr. einkahlutafélagafrumvarpsins.

**b) um stærðarmörk**

Í athugasemdum við 3. gr. kemur fram að gengið er lengra í þessum frumvörpum en tilmæli sem EB gaf út 14. desember 2004, nr. 2004/913, ganga, en þau tilmæli ná aðeins til skráðra félaga. Hér er miðað við skyldu félaga til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.-3. mgr. 98. gr. laga um ársreikninga.

Í lögum um ársreikninga eru notuð þrenns konar stærðarmörk á félögum, þ.e. stór félög þar sem eignir nema meira en 230 milljónum króna, rekstrartekjur nema meira en 460 milljónum króna eða fjöldi ársverka á reikningsári er a.m.k. 50, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. Félög undir þessum stærðarmörkum eru talin lítil félög. Í lögum eru gerðar meiri kröfur um ársreikning stærri félaga sem og skráðra félaga á opinberum markaði en til minni félaga, m.a. um opinbera

birtingu óstyttra ársreikninga og ítarlegri upplýsingaskyldu í skýringum með ársreikningi og reikningsskilaaðferðum. Minni félög mega birta stytta útgáfu ársreiknings og skýringar í samræmi við það þrátt fyrir skyldu þeirra til að kjósa endurskoðanda því önnur stærðarmörk og lægri notuð í 98. gr. til að skilgreina stærðarmörk félaga sem kjósa skulu endurskoðendur; þ.e. félög þar sem eignir nema 120 milljónum króna, rekstrartekjur nema 240 milljónum króna eða fjöldi ársverka á reikningsári er 50. Í athugasemdum við 59. gr. frumvarps er varð að lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, er tekið fram að viðmiðunarmörk þessi séu önnur og lægri en skilin á milli stórra og lítilla félaga og það stafi einkum af smæð íslenskra félaga og í samræmi við stærðarmörk sem voru í þágildandi lögum um hlutafélög. Að öðru leyti breyta þessi stærðarmörk engu um upplýsingaskyldu minni félaga í birtingu ársreiknings. Þriðju stærðarmörkin koma fram í 116. gr. laganna sem heimilar félögum af samkeppnisaðstæðum og með samþykki ársreikningaskrár að leggja fram styttn eða samandreginn rekstrarreikning, þ.e. félög þar sem eignir eru eigi meira en 230 milljónum króna, rekstrartekjur nema eigi meira en 460 milljónum króna eða fjöldi ársverka á reikningsári er lægri en 250.

Í V. kafla laga um ársreikninga eru ákvæði um skýringar sem birta skal í ársreikningum og í VI. kafla eru ákvæði um hvaða upplýsingar skulu koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi. Gerðar eru mismiklar kröfur til upplýsingaskyldunnar á grundvelli framangreindra stærðarmarka félaganna og hvort þau eru skráð á opinberum markaði og er það í anda félagatilskipanna Evrópusambandsins sem miða að því að gera aðrar og minni kröfur til félaga undir framangreindum stærðarmörkum.

Af þessu er ljóst að ekki er einhlýtt að miða við stærðarmörk 98. gr. laganna og telur ríkisskattstjóri meira samræmi sé í því að hafa mörkin um upplýsingar um stefnumið félaga þau sömu og greinir á milli stórra og minni félaga ef á annað borð er verið að gera meiri kröfur en tilmæli EB gera ráð fyrir. Ennfremur kemur til álita að miða við fjölda hluthafa utan stjórnar og tiltekinn eignarhluta þeirra í hlutafé félagsins. Ef allir hluthafar eru jafnframt í stjórn félagsins eins og oft vill verða verður ekki séður tilgangur þessa ákvæðis frumvarpsins gagnvart öllum hlutafélögum/einkahlutafélögum sem eru undir stærðarmörkum milli stórra og minni félaga.

c) um samþykkt stefnumiða og birtingu.

Í frumvarpsgreininni segir annars vegar: "félagisstjórn ... skal samþykkja stefnumið félagsins ..." og hins vegar að stefnumiðin skuli samþykkt á aðalfundi félagsins. Ekki er ljóst af þessu hvar valdmörkin liggja í þessu efni. Í greininni er ennfremur kveðið á um að birta skuli stefnumiðin "í tengslum við aðalfund félagsins." Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að félagisstjórn geti birt stefnumiðin í ársskýrslu eða með ársreikningi og á vefsíðu félagsins svo og að upplýsa viðsemjendur sína um hana hverjir svo sem þeir eru. Virðist þannig ekki vera um bein fyrirmæli um hvernig birtingu skuli háttað.

d) um ákvörðun launa og umbunar.

Í 79. gr. laga um hlutafélög segir: "Aðalfundur ákveður árlega laun stjórnarmanna og fulltrúanefndarmanna." Með frumvarpinu er lagt til að frá þessu verði vikið. Í því er gert ráð fyrir að auk grunnlauna, en það hugtak er hvergi að finna í lögnum né skilgreint í frumvarpinu, geti stjórn félags ákveðið sér "umbun" í formi afhendingar á hlutum, árangurstengdum greiðslum, lífeyris- og starfslokasamninga.

Í fyrsta lagi skal bent á að sú aðgreining sem hér er lögð til milli "grunnlauna" annars vegar og "umbunar" sem ekki teljist laun hins vegar fer á svig á við þá meginreglu skattalaga að til

launa teljist hvers kyns endurgjald fyrir vinnu sama í hvað formi það er. Kann það að leiða til réttaróvissu um skattalega meðferð þessara greiðslna og að skyldur til að upplýsa skattyfirvöld um launagreiðslur o.fl. verði óljósar. Þess má og geta að í tvísköttunarsamningum eru yfirleitt sérákvæði um stjórnarlaun sem þessi breyting kynni að gera að álitamáli.

Í öðru lagi skal bent á að það sem í frumvarpinu er kallað umbun og aðgreint frá launum hefur tíðkast í vaxandi mæli hin síðari ár og er í mörgum tilvikum orðinn stærri hluti af kjörum stjórnenda en reglubundin laun. Með breytingunni er því verið að gera ákvörðunarvald hluthafafundar minna en verið hefur.

Í þriðja lagi má skilja frumvarpið á þann veg að upplýsingar til hluthafa megi takmarka við að kynna þeim stefnumiðin í stað þess að upplýsa um starfskjör stjórnenda. Sé svo er verið sé að draga úr upplýsingamiðlun til hluthafa um kjör stjórnenda og stjórnarmanna frá því sem nú er sbr. 59. gr. laga nr. 3/2006, svo og úr miðlun upplýsinga til skattyfirvalda þar sem ársreikningur skiptir miklu máli. Í því sambandi er rétt að geta þess að samhliða því að vægi þess sem hér er kallað "umbun" í launum stjórnenda hefur vaxið hefur þeirrar tilhneigingar gætt í vaxandi mæli að leyna þessum hluta starfskjara fyrir skattyfirvöldum.

Í greinagerð með frumvarpinu er tekið fram að með því sé tekið tillit til tilmæla framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2004/913 um að stuðla að bættum reglum um starfskjör stjórnenda í fyrirtækjum. Tilmæli þessi, sem voru formlega staðfest sem hluti EES-samningsins 9. des. 2005 og eiga aðildarríkin að hafa gert ráðstafanir til að koma efni þeirra í framkvæmd fyrir 30. júní 2006, sbr ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar á fylgiskjali 1.

Í greinagerðinni er sagt að tekið sé tillit til tilmælanna, þó þannig að sú skylda sem kveðið er á um varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna, nái ekki einungis til skráðra félaga heldur allra félaga sem skylt er að kjósi sér endurskoðenda.

Þótt ummæli greinargerðarinnar séu rétt að því leyti að gildissvið frumvarpsins er víðtækara en tilmælanna að því er tekur til stærðar félaganna vantar mikið á að efnissvið frumvarpsins svari til þess sem telst í tilmælinum.

Tilmæli Evrópusambandsins fela í sér nokkur meginatriði, sbr fylgiskjal 2 (á dönsku en íslensk þýðing virðist ekki tiltæk).

1. Gerð starfskjarastefnu fyrir stjórnarmenn og ráðna stjórnendur.
2. Starfskjarastefnan eða breyting á henni sé lögð fram til samþykktar undir sérstökum lið á aðalfundi.
3. Að á aðalfundi séu gefnar sundurliðaðar upplýsingar um launagreiðslur og önnur starfskjör stjórnarmanna.
4. Að kaupréttarsamningar og árangurstengdir samningar séu fyrirfram samþykktir.

Ljóst er að fyrirliggjandi frumvarp tekur ekki til þessara tilmæla nema að óverulegu leyti. Gerir það 1. lið sbr. hér að framan nokkur skil, 2. lið að litlu leyti og 3. og 4. lið að engu. Þá er ljóst að setning starfskjarastefnu í því formi sem frumvarpið gerir ráð fyrir er marklítill ef ekki eru tók á því fyrir hluthafa að fylgjast með því hvort eftir henni hefur verið farið á grundvelli upplýsinga um raunveruleg starfskjör þeirra sem undir stefnuna falla.

Verður að líta svo á að frumvarp þetta sé alls ófullnægjandi til uppfyllingar á tilmælum framkvæmdastjórnar ESB og athygli vekur að með því er fyrirhugað að ganga til muna skemur í þessum efnum er gert hefur verið í grannríkjum okkar sem vitnað er til í greinargerð með frumvarpinu.

Þótt markmið með lagaákvæðum um gagnsæi í frumvarpinu séu þau að tryggja hag hluthafa, hafa ákvæði þessa eðlis verulega þýðingu fyrir skattframkvæmd. Þekkt er að úthlutun á hagnaði félaga í formi þess sem í frumvarpinu er kölluð umbun til stjórnenda stjórnarmanna. Því fylgir í mörgum tilvikum að þessum gjörningum er leynt fyrir skattfyrvöldum og tekjum þannig komið undan skatti. Upplýsingaleynd fjármálastofnana um fjármálaviðskipti og þjónusta þeirra við að færa fjármuni milli landa gerir það auðveldara að iðka slíkt.

Í skýrslu skattsvikanefndar er vikið að skattsvikum af þessum toga og er ein viðbótatillaga þeirrar skýrslu (till. 14. 6.3.) þess efnis að í ársreikningum félaga verði gerð grein fyrir öllum greiðslum til eigenda og stjórnenda þess.


Með tilvísun til framangreinds leggur ríkisskattstjóri til að ákvæði frumvarpsins um starfskjarastefnu fyrir stjórnendur verði gerð skýrari og að auki verði ákvæði tilmæla SSB um upplýsingar um kjör stjórnenda einnig lögfest.

#### **Um 10. grein hlutafélagsfrumvarpsins og 9. gr. einkahlutafélagsfrumvarpsins.**

Í 10 gr. hlutafélagafrumvarpsins er gerð tillaga um breytingu á 1. mgr. 123. gr. laganna um að senda skuli hlutafélagaskrá yfirlýsingu endurskoðanda eða skoðunarmanns um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánadrottna samstímis því að lagt er fram endurrit samrunaáætlunar. Í framhaldi af þessari tillögu vill ríkisskattstjóri leggja til breytingu á 4. mgr. 124. gr. laganna um það að setja tímamark á hvenær hluthafafundur skuli haldinn eftir birtingu hlutasfélagaskrár á tilkynningu um móttöku samrunaáætlunar skv. 123. gr. laganna en tímamörk vantar í lögin. Leggur ríkisskattstjóri til að 4. mgr. 124. gr. laganna orðst svo: „Hluthafafund má í fyrsta lagi halda mánuði eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunarinnar skv. 123. gr. og yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr. og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir birtinguna. Sé samruninn ekki samþykktur á grundvelli slíkrar samrunaáætlunar eða fundurinn ekki haldinn innan tímamarka 1. másl. telst samrunaáætlunin fallin.“

Sama á við um 9. gr. einkahlutafélagsfrumvarpsins varðandi breytingu á 2. másl. 1. mgr. 98. gr. laganna og leggur ríkisskattstjóri til samsvarandi breyting verði gerð á 4. mgr. 99. gr. þeirra laga.

Virðingarfyllst

  
Indriði H Þorláksson

Fylgiskjal 1, Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 2. 12. 2005



ákvörðun ees 157\_913.doc



Fylgiskjal 2, Tilmæli framkvæmdastjórnar ESB 2004/913/EF, 2004\_913\_eb.pdf

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 157/2005

frá 2. desember 2005

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn  
SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,  
með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á  
samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á

eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun  
sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2005 frá 8. júlí  
2005 (

1

).

2) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2004/913/EB frá

14. desember 2004 um að stuðla að viðeigandi  
fyrirkomulagi að því er varðar starfskjör stjórnenda  
skráðra félaga (

2

) skal felld inn í samninginn.

3) Tilmæli

framkvæmdastjórnarinnar

2005/162/EB

frá 15. febrúar 2005 um hlutverk stjórnenda utan

framkvæmdastjórnar eða stjórnenda sem annast eftirlit  
í skráðum félögum og um nefndir á vegum stjórnar eða  
eftirlitsstjórnar (

3

) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 13. lið (tilmæli  
framkvæmdastjórnarinnar 2001/453/EB) undir fyrirsögninni  
„GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF“  
í XXII. viðauka við samninginn:

„14. 32004 H 0913: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar  
2004/913/EB frá 14. desember 2004 um að stuðla að  
viðeigandi fyrirkomulagi að því er varðar starfskjör  
stjórnenda skráðra félaga (Stjtið. ESB L 385, 29.12.2004,  
bls. 55).

15. 32005 H 0162: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar  
2005/162/EB frá 15. febrúar 2005 um hlutverk stjórnenda  
utan framkvæmdastjórnar eða stjórnenda sem annast  
eftirlit í skráðum félögum og um nefndir á vegum  
stjórnar eða eftirlitsstjórnar (Stjtið. ESB L 52, 25.2.2005,  
bls. 51).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2004/913/EB og  
2005/162/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnar-  
tíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. desember 2005 að því  
tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr.  
samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (

□

).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópu-  
sambandsins og EES-viðbæti við þau.

2006/EES/10/20

(

) Stjtið. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 45 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB  
nr. 60, 24.11.2005, bls. 28.

(

) Stjtið. ESB L 385, 29.12.2004, bls. 55.

(

) Stjtið. ESB L 52, 25.2.2005, bls. 51.

Gjört í Brussel 2. desember 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(

) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## KOMMISSIONEN

### KOMMISSIONENS HENSTILLING

af 14. december 2004

om fremme af en passende ordning for aflønning af medlemmer af ledelsen i børsnoterede selskaber

(EØS-relevant tekst)

(2004/913/EF)

KOMMISSIONEN FOR DE EUROPÆISKE FÆLLESSKABER

som henviser til traktaten om oprettelse af Det Europæiske Fællesskab, særlig artikel 211, andet led, og

som tager følgende i betragtning:

- (1) I maj 2003 vedtog Kommissionen en meddelelse om »modernisering af selskabsretten og forbedret virksomhedsledelse i Den Europæiske Union — vejen frem«<sup>(1)</sup>. Blandt en række forslag om at styrke aktionærernes rettigheder og modernisere ledelsesstrukturen indeholdt den et initiativ, der tog sigte på at tilskynde til en passende regulering af aflønningen af medlemmer af ledelsen af selskaber i medlemsstaterne.
- (2) Aflønningen af medlemmer af ledelsen henhører med hensyn til form, struktur og niveau under selskabernes og deres aktionærers kompetence. Den bør lette rekrutteringen og fastholdelsen af medlemmer af ledelsen, der har de egenskaber, der er nødvendige for at lede et selskab. Imidlertid er aflønningen et af de centrale områder, hvor bestyrelsesmedlemmer med ledelsesansvar kan have en interessekonflikt, og hvor der bør tages rimeligt hensyn til aktionærernes interesser. Aflønningsordninger bør derfor underkastes passende foranstaltninger til kontrol af ledelsen, der er baseret på tilstrækkelige informationsrettigheder. I den forbindelse er det vigtigt at tage fuldt hensyn til de mange forskellige selskabsledelsessystemer inden for Fællesskabet, som afspejler de forskellige medlemsstaters syn på, hvilken rolle selskaber og de organer, der er ansvarlige for fastlæggelsen af lønpolitikken med hensyn til medlemmerne af ledelsen og for lønfastsættelsen for de enkelte medlemmer af ledelsen, spiller.
- (3) Videregivelse af rettidige og korrekte oplysninger fra værdipapirudstedere skaber varig tillid hos investorerne og udgør et vigtigt redskab til at fremme sund virksomhedsledelse i hele Fællesskabet. Til dette formål er det vigtigt, at børsnoterede selskaber udviser en passende åbenhed over for investorerne, så de kan give udtryk for deres synspunkter.

- (4) Ved gennemførelsen af denne henstilling bør medlemsstaterne tage hensyn til de særlige forhold, der gør sig gældende for kollektive investeringsinstitutter i selskabsform og hindre, at de forskellige former for kollektive investeringsinstitutter unødigt udsættes for forskelsbehandling. Med hensyn til institutter til kollektiv investering som defineret i Rådets direktiv 85/611/EØF af 20. december 1985 om samordning af love og administrative bestemmelser om visse institutter for kollektiv investering i værdipapirer (investeringsinstitutter)<sup>(2)</sup> er der i sidstnævnte direktiv allerede fastsat en række konkrete mekanismer til god selskabsledelse. For at forhindre unødigt forskelsbehandling af kollektive investeringsinstitutter i selskabsform, der ikke er omfattet af harmonisering på fællesskabsplan, bør medlemsstaterne tage hensyn til, om og i hvilket omfang disse ikke-harmoniserede kollektive investeringsinstitutter er omfattet af tilsvarende mekanismer med henblik på god selskabsledelse.
- (5) Aktionærerne bør have et klart og omfattende overblik over selskabets lønpolitik. Oplysninger herom vil sætte aktionærerne i stand til at vurdere selskabets lønpolitik og styrke selskabets ansvarlighed over for aktionærerne. Oplysninger om bestanddele af lønnen bør indgå heri. Dette bør imidlertid ikke tvinge selskabet til at offentliggøre oplysninger af fortrolig handelsmæssig art, hvilket kunne skade selskabets strategiske stilling.
- (6) Der bør også sikres passende gennemsigtighed, hvad angår politikken med hensyn til ledelsesmedlemmernes kontrakter. Dette bør omfatte oplysninger om forhold med direkte tilknytning til ledelsesmedlemmernes løn, såsom opsigelsesfrister og fratrædelsesgodtgørelser i henhold til sådanne kontrakter.
- (7) For at give aktionærerne en effektiv mulighed for at give udtryk for deres synspunkter og lejlighed til at drøfte lønpolitikken på grundlag af omfattende oplysninger uden at skulle iværksætte proceduren for at få en aktionærbeslutning optaget på dagsordenen bør lønpolitikken være et særskilt punkt på dagsordenen for den årlige generalforsamling.

<sup>(1)</sup> KOM(2003) 284 endelig.

<sup>(2)</sup> EFT L 375 af 31.12.1985, s. 3. Senest ændret ved Europa-Parlamentets og Rådets direktiv 2004/39/EF (EUT L 145 af 30.4.2004, s. 1).

- (8) For at øge ansvarligheden bør lønpolitikken forelægges til afstemning på den årlige generalforsamling. Afstemningen på generalforsamlingen kunne være rådgivende, således at der ikke ændres ved de rettigheder, som de for ledelsesmedlemmernes aflønning ansvarlige organer har. En rådgivende afstemning ville ikke medføre nogen forpligtelse til hverken at ændre ledelsesmedlemmernes kontraktmæssige rettigheder eller at ændre lønpolitikken.
- (9) Aktionærerne bør også have oplysninger, på grundlag af hvilke de kan drage individuelle ledelsesmedlemmer til ansvar for den løn, de får eller har fået. Oplysninger om lønnen til de enkelte medlemmer af selskabets ledelse, såvel medlemmer af direktionen og bestyrelsen som tilsynsførende medlemmer, i det foregående regnskabsår er derfor vigtige med henblik på at hjælpe dem til at vurdere aflønningen i lyset af selskabets samlede resultater.
- (10) Variable lønordninger, hvor medlemmerne af ledelsen aflønnes i aktier, aktieoptioner eller eventuelle andre rettigheder til at erhverve aktier eller til at blive aflønnet på grundlag af udviklingen i aktiekurser, samt væsentlige ændringer i sådanne ordninger, bør forudsætte forhåndsgodkendelse på den årlige generalforsamling. Godkendelse bør meddeles for lønordningen og de regler, der gælder for fastsættelsen af individuel aflønning i henhold til ordningen, men ikke for den individuelle aflønning af ledelsesmedlemmerne i henhold til ordningen.
- (11) I betragtning af den betydning, der tillægges spørgsmålet om aflønning af medlemmer af ledelsen, er det hensigtsmæssigt at overvåge overholdelsen af denne henstilling og i tilfælde af utilstrækkelig overholdelse at overveje yderligere foranstaltninger

HENSTILLER:

#### A f s n i t I

### Anvendelsesområde og definitioner

#### 1. Anvendelsesområde

- 1.1. Medlemsstaterne bør træffe alle hensigtsmæssige foranstaltninger for at sikre, at børsnoterede selskaber, som har hjemsted inden for deres område, følger denne henstilling. De bør imidlertid tage behørigt hensyn til de særlige forhold, der gælder for de institutter for kollektiv investering i værdipapirer oprettet som selskab, som er omfattet af direktiv 85/611/EØF. Medlemsstaterne bør også tage hensyn til de særlige forhold, der gør sig gældende for de kollektive investeringsinstitutter oprettet som selskab, som ikke er omfattet af dette direktiv, og hvis eneste formål er at investere midler fra investorer i en bred vifte af aktiver,

idet de ikke søger at opnå juridisk kontrol eller ledelseskontrol over udstederne af de værdipapirer, de investerer i.

- 1.2. Medlemsstaterne bør også træffe alle egnede foranstaltninger til at sikre, at børsnoterede selskaber, som ikke er registreret i en af medlemsstaterne, men har deres primære børsnotering på et reguleret marked inden for deres område, følger bestemmelserne i denne henstilling.

- 1.3. Medlemsstaterne bør sikre, at denne henstilling gælder for aflønning af de ansvarlige direktører (chief executive officers), når de ikke er medlem af bestyrelsen, direktionen eller tilsynsorganet i et børsnoteret selskab.

#### 2. Definitioner i denne henstilling

- 2.1. Ved »ledelsesmedlem« forstår et medlem af bestyrelsen, direktionen eller tilsynsorganet i et børsnoteret selskab.
- 2.2. Ved »børsnoteret selskab« forstår et selskab, hvis værdipapirer er optaget til handel på et reguleret marked i betydningen i direktiv 2004/39/EF i en eller flere medlemsstater.

#### A f s n i t II

### L ø n p o l i t i k

#### 3. Oplysning om lønpolitikken for ledelsesmedlemmer

- 3.1. Ethvert børsnoteret selskab bør afgive en erklæring om selskabets lønpolitik (»lønerklæring«). Den bør være del af en uafhængig lønrapport og/eller indgå i årsregnskabet og årsrapporten eller i noterne til selskabets årsregnskaber. Lönerklæringen bør også offentliggøres på det børsnoterede selskabs website.
- 3.2. Lönerklæringen bør hovedsagelig fokusere på selskabets politik for aflønning af ledelsesmedlemmer i det følgende regnskabsår og efter forholdene også de efterfølgende år. Den bør også indeholde en oversigt over, hvordan lønpolitikken er blevet gennemført i det foregående regnskabsår. Der bør lægges særlig vægt på eventuelle væsentlige ændringer i det børsnoterede selskabs lønpolitik sammenlignet med det foregående regnskabsår.

3.3. Lønberklæringen bør indeholde mindst følgende oplysninger:

- a) en redegørelse for den relative betydning af de variable og ikke-variable elementer i ledelsesmedlemmernes lønninger
- b) fyldestgørende oplysninger om, hvilke kriterier for præstation eventuelle rettigheder til aktieoptioner, aktier eller variable lønelementer er baseret på
- c) fyldestgørende oplysninger om forholdet mellem løn og præstation
- d) de vigtigste parametre og begrundelser for årlige bonusordninger og andre ikke-pekuniære fordele
- e) en beskrivelse af de vigtigste karakteristika ved tillægs- eller førtidspensionsordninger for ledelsesmedlemmer.

Oplysningerne i lønberklæringen bør dog ikke omfatte oplysninger af fortrolig handelsmæssig art.

3.4. Lønberklæringen bør også opridse og forklare det børsnoterede selskabs politik med hensyn til kontraktvilkårene for bestyrelsesmedlemmer med ledelsesansvar. Dette bør bl.a. omfatte oplysninger om varigheden af kontrakterne med de bestyrelsesmedlemmer med ledelsesansvar, opsigelsesfrister og en detaljeret redegørelse for bestemmelserne om fratrædelsesgodtgørelse og andre godtgørelser i forbindelse med opsigelse af kontrakter med bestyrelsesmedlemmer med ledelsesansvar.

3.5. Der bør også gives oplysninger om forberedelses- og beslutningsprocessen forud for fastlæggelsen af det børsnoterede selskabs lønpolitik for ledelsesmedlemmer. Sådanne oplysninger bør omfatte et eventuelt løn- og vederlagsudvalgs mandat og sammensætning, navnene på eksterne konsulenter, der har medvirket ved fastlæggelsen af lønpolitikken og den årlige generalforsamlings rolle.

#### 4. Aktionærafstemning

4.1. Lønpolitikken eller enhver betydelig ændring af lønpolitikken bør være et særskilt punkt på dagsordenen for den årlige generalforsamling, uden at dette dog må få indflydelse på tilrettelæggelsen i de relevante organer, der er

ansvarlige for fastsættelsen af ledelsesmedlemmernes løn, og den rolle, disse organer spiller.

4.2. Lønberklæringen bør forelægges til afstemning på den årlige generalforsamling, dog uden at dette må få indflydelse på tilrettelæggelsen i de relevante organer, der er ansvarlige for fastsættelsen af ledelsesmedlemmernes løn, og den rolle, disse organer spiller. Afstemningen kan være bindende eller rådgivende.

Medlemsstaterne kan imidlertid bestemme, at der kun afholdes en sådan afstemning, hvis aktionærer, der tegner sig for mindst 25 % af det samlede antal stemmer hos de aktionærer, der er tilstede eller repræsenteret ved den årlige generalforsamling, anmoder herom. Dette berører dog ikke aktionærernes ret til at få optaget et beslutningsforslag på dagsordenen i overensstemmelse med nationale bestemmelser.

4.3. Det børsnoterede selskab bør informere de aktionærer, der er berettigede til at få meddelelse om generalforsamlingen, om, at det har til hensigt at forelægge et forslag til beslutning om godkendelse af lønberklæringen på generalforsamlingen.

### A f s n i t III

#### De enkelte ledelsesmedlemmers aflønning

5. Oplysning om de enkelte ledelsesmedlemmers aflønning

5.1. Der bør gives detaljeret oplysning om den samlede løn og andre fordele, der ydes til de enkelte ledelsesmedlemmer i løbet af det relevante regnskabsår, i årsregnskabet, i noterne til årsregnskabet eller efter omstændighederne i lønrapporten.

5.2. Årsregnskabet, noterne til årsregnskabet eller efter omstændigheder lønrapporten bør mindst indeholde de oplysninger, der er opført under punkt 5.3 til 5.6, for hver person, der har været medlem af ledelsen i det børsnoterede selskab på noget tidspunkt i løbet af det relevante regnskabsår.



5.3. Med hensyn til løn og/eller vederlag bør der gives følgende oplysninger:

- a) den samlede lønsum, som er udbetalt til eller skal udbetales til ledelsesmedlemmet for arbejde udført i løbet af det relevante regnskabsår, herunder eventuelt mødehonorarer fastsat på den årlige generalforsamling
- b) løn og fordele modtaget fra alle virksomheder, der tilhører samme koncern
- c) løn udbetalt i form af overskudsdeling og/eller bonusbetalinger og begrundelsen for, at der er indrømmet sådanne bonusbetalinger og/eller overskudsdeling
- d) enhver større ekstraaf lønning af ledelsesmedlemmer for særlige tjenester uden for rammerne af ledelsesmedlemmers sædvanlige funktioner, hvis sådanne betalinger er tilladt i henhold til lovgivningen
- e) kompensation, der udbetales eller skal udbetales til hvert tidligere bestyrelsesmedlem med ledelsesansvar i forbindelse med ophøret af dennes aktiviteter i løbet af regnskabsåret
- f) et overslag over den samlede værdi af ikke-pekuniære fordele, der betragtes som løn, bortset fra dem, der er omfattet af punkt a) til e).

5.4. Med hensyn til aktier og/eller rettigheder til at erhverve aktieoptioner og/eller alle andre aktierelaterede incitamentsordninger bør der gives følgende oplysninger:

- a) antallet af aktieoptioner eller aktier, som selskabet har tilbudt eller tildelt i løbet af det relevante regnskabsår, og de nærmere betingelser for anvendelse heraf
- b) antallet af aktieoptioner, der er gjort brug af i det pågældende regnskabsår, og for hver af dem antallet af aktier og indløsningskursen eller værdien af andelen i aktieincitamentsordningen ved udgangen af regnskabsåret
- c) antallet af aktieoptioner, der ikke er gjort brug af ved udgangen af regnskabsåret, indløsningskursen, dato for indløsning og hovedbetingelserne for udøvelsen af rettighederne

a) enhver ændring i vilkår og betingelser for eksisterende aktieoptioner, som foretages i løbet af regnskabsåret.

5.5. Med hensyn til tillægspensionsordninger bør der gives følgende oplysninger:

- a) når pensionsordningen er en ydelsesdefineret ordning, ændringer i ledelsesmedlemmets opsparede ydelser i henhold til ordningen i løbet af det relevante regnskabsår
- b) når pensionsordningen er en bidragsdefineret ordning, nærmere oplysninger om de bidrag, der er indbetalt eller skal indbetales af det børsnoterede selskab for det pågældende ledelsesmedlem i løbet af det relevante regnskabsår.

5.6. Hvis det er tilladt efter national ret eller i henhold til det børsnoterede selskabs vedtægter at foretage sådanne betalinger, skal de beløb vises, som selskabet, et datterselskab eller et selskab, der er omfattet af selskabets koncernregnskab, har betalt i form af lån, forskudsbetalinger og garantier til hver person, der har arbejdet som ledelsesmedlem på et hvilket som helst tidspunkt i løbet af det relevante regnskabsår, herunder udestående beløb og rentesats.

#### Afsnit IV

### Aktiebaseret aflønning

6. Aktionærernes godkendelse

6.1. Ordninger, hvor ledelsesmedlemmer aflønnes i form af aktier, aktieoptioner eller andre rettigheder til at erhverve aktier eller til at blive aflønnet på grundlag af aktiekursbevægelser, bør forinden godkendes af aktionærerne ved en beslutning på generalforsamlingen forud for vedtagelsen. Der bør ske godkendelse af selve ordningen og ikke af tildelingen til de enkelte ledelsesmedlemmer af sådanne aktiebaserede fordele i henhold til ordningen.

6.2. Der bør på generalforsamlingen opnås godkendelse for følgende:

- a) indrømmelse af aktiebaserede ordninger, herunder aktieoptioner, til fordel for ledelsesmedlemmer

- b) fastlæggelse af det maksimale antal og hovedbetingelserne for indrømmelsen
- c) fristen for optionernes udøvelse
- d) betingelserne for en eventuel senere ændring i optionskursen, hvis forholdene og lovgivningen tillader det
- e) eventuelle andre langfristede incitamentsordninger, som ledelsesmedlemmerne kan opnå ret til, og som ikke tilbydes på tilsvarende betingelser til alle andre ansatte.
- 6.3. Den årlige generalforsamling bør også fastsætte fristen for, hvornår det organ, der er ansvarlig for ledelsesmedlemmernes lønninger, kan tildele de enkelte ledelsesmedlemmer disse former for kompensation.
- 6.4. Enhver væsentlig ændring i ordningernes vilkår og betingelser bør også være genstand for aktionærernes godkendelse i form af en beslutning på generalforsamlingen forud for vedtagelsen. I disse tilfælde bør aktionærerne informeres om samtlige vilkår i de foreslåede ændringer og om virkningen af de foreslåede ændringer.
- 6.5. Hvis en sådan ordning er tilladt efter national ret eller i henhold til det børsnoterede selskabs vedtægter, bør enhver optionsordning, hvor der indrømmes rettigheder til at tegne aktier til en kurs, der er lavere end aktiens markedsværdi på den dato, hvor kursen fastsættes, eller den gennemsnitlige markedsværdi over en række dage forud for den dato, hvor indløsningskursen fastlægges, også godkendes af aktionærerne.
- 6.6. Punkt 6.1. til 6.4 bør ikke anvendes på ordninger, som tilbydes på tilsvarende vilkår til ansatte i det børsnoterede selskab eller et datterselskab heraf, hvis ansatte er berettigede til at deltage i ordningen, og som er blevet godkendt på generalforsamlingen.
- noterede selskabs vedtægter, bør aktionærerne orienteres om beslutningen i form af en informationsnote.
- Denne bør mindst indeholde den fulde ordlyd af de aktiebaserede lønordninger eller en beskrivelse af de vigtigste betingelser og vilkår samt navnene på deltagerne i ordningerne. Informationsnoten bør belyse forholdet mellem ordningerne og den overordnede lønpolitik for ledelsesmedlemmerne.
- Beslutningsudkastet bør indeholde en klar henvisning til enten selve ordningen eller resuméet af de vigtigste betingelser og vilkår heri.
- 7.2. Aktionærerne bør også have oplysning om, hvordan selskabet agter at tilvejebringe de aktier, der er nødvendige for at opfylde selskabets forpligtelser i forbindelse med incitamentsordninger. Især bør det klart anføres, om selskabet agter at købe de nødvendige aktier på markedet, om det har dem i portefølje, eller om det vil udstede nye aktier.
- 7.3. Disse oplysninger bør også give et overblik over omkostningerne ved ordningen i forbindelse med den planlagte anvendelse af ordningen.
- 7.4. Sådanne oplysninger bør offentliggøres på det børsnoterede selskabs webside.
8. *Afsluttende bestemmelser*
- 8.1. Medlemsstaterne opfordres til at træffe de nødvendige foranstaltninger til at fremme anvendelsen af denne henstilling senest den 30. juni 2006 og opfordres til at underrette Kommissionen om, hvilke foranstaltninger der er truffet i overensstemmelse med denne henstilling, så Kommissionen kan følge situationen nøje og på dette grundlag vurdere behovet for yderligere foranstaltninger.
- 8.2. Denne henstilling er rettet til medlemsstaterne.

#### A f s n i t V

### O r i e n t e r i n g o g a f s l u t t e n d e b e s t e m m e l s e r

7. *Orientering*
- 7.1. Før den årlige generalforsamling, hvor der forelægges et udkast til beslutning i overensstemmelse med punkt 6.1. og i overensstemmelse med national ret og/eller det børs-

Udfærdiget i Bruxelles, den 14. december 2004.

På Kommissionens vegne  
Charlie MCCREEVY  
Medlem af Kommissionen



# SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/35

*Alþingi*

*Erindi nr. P 132/1028*

*komudagur 23.2.2006*

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími/Tel.: +354-568 1612  
Telefax: +354-568 9664  
www.sit.is

23. febrúar 2006


**Efni: Um frumvarp til breytinga á lögum um hlutafélög, 444. mál, og frumvarp til breytinga á lögum um einkahlutafélög, 445. mál.**

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 10. febrúar 2006, var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) um ofangreind frumvörp. Í hnotskurn er með frumvörpum þessum verið að mæla fyrir um breytingar á lögum um tvö megin félags- og/eða rekstrarform hér á landi, þ.e. um hlutafélög og einkahlutafélög. Lúta breytingarnar að m.a. framboði til stjórnar, um rafræn skjalasamskipti og fundi innan félaga og loks um mótun stefnumiða félaganna varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra félags, annarra stjórnenda og stjórnarmanna þess. Í þessum stefnumiðum skuli koma fram atriði varðandi starfskjarastefnu stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu félaga um samninga við þá. Sýnist ætlunin, að þar eigi að koma fram allitarlegar upplýsingar um laun auk hvers konar starfstengdrar umbunar. Stefnumiðin skulu sett af félagsstjórn og birt í tengslum við aðalfundi félaga.


Sú óskrifaða meginregla hefur ríkt hér á landi og í öðrum vestrænum ríkjum, að fjárhagsleg málefni einstaklinga, þ.m.t. laun þeirra, eru einkamál þeirra. Að skylda einstaklinga með lögum til að upplýsa opinberlega um tekjur sínar, rétt eins og önnur einkamál, á vitaskuld ekki að gera nema mjög ríkar ástæður krefjist. Á það má fallast, að það þjóni hagsmunum hluthafa í félögum, sem skráð eru á skipulögðum markaði, og jafnvel að sínu leyti hluthöfum í félögum með mikinn fjölda hluthafa, að veita opinberlega persónubundnar upplýsingar af þessu tagi. Það væri á hinn bóginn nánast brot á grundvallarreglum að ganga lengra en þetta, og því út í hött að láta áðurgreind ákvæði um stefnumið og starfskjarastefnu taka til annarra hlutafélaga, að ekki sé talað um einkahlutafélög. **Eindregið er því lagt til, að 3. gr. frumvarpsins varðandi breytingar á lögum um hlutafélög (444. mál) og 2. gr. frumvarpsins varðandi breytingar á lögum um einkahlutafélög verði breytt til samræmis við ofangreind sjónarmið.**

SÍT er aðili að Samtökum atvinnulífsins (SA), og gafst kostur á því að fylgjast með samningu umsagnar SA til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um þingmál þessi. Tekur SÍT að fullu undir sjónarmið SA í umsögn samtakanna og styður þær breytingartillögur, sem þar eru settar fram.

Meið vinsemd og virðingu,  
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson



**SAMTÖK ATVINNULÍFSINS**

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd

150 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2006

**Efni: Umsögn um frumvörp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög, 444. og 445. mál þingsins.**

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Þar sem frumvarpstillögurnar eru eðlisskyldar er fjallað um þær í einni umsögn þótt sumar athugasemdir eigi einungis við um annað frumvarpið.

SA fengu drög að frumvörpum til umsagnar frá viðskiptaráðuneytinu með bréfi dags. 17. september 2004 og var umsögn veitt 5. október s.á.<sup>1</sup> Í nýjum frumvörpum hefur verið tekið tillit til nokkurra athugasemda SA og er það fagnaðarefni. Einnig er að finna í frumvörpunum ýmis ákvæði sem eru til þess fallin að bæta gildandi löggjöf.

Í frumvörpunum eru þó enn tillögur sem SA gera alvarlegar athugasemdir við og varað er við að þau verði samþykkt í óbreyttri mynd. Um er að ræða mjög íþyngjandi ákvæði, sérstaklega fyrir minni fyrirtæki og fyrirtæki sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Við mótun löggjafar þarf ávallt að líta til þess hvaða ávinningur sé af setningu reglna og atvinnlífinu verði ekki íþyngt með ónauðsynlegri reglusetningu. Í því felst enginn ávinningur ef fyrirtækin telja hag sínum betur borgið utan Íslands og eigendur kjósa erlend félög sem rekstrarform fyrir starfsemi sína sökum þess að erlendar lagareglur þykja skapa fyrirtækjum betri starfsramma en íslenskar reglur. Sú staða er ekki fjarlæg heldur mjög raunhæf enda er samruni fyrirtækja yfir landamæri hægur vandi í ljósi dóma Evrópudómstólsins um þýðingu stofnsetningarréttar Evrópuréttar.

Erlendir sérfræðingar eru á einu máli um að túlkun Evrópudómstólsins á stofnsetningarréttinum muni leiða til þess að samkeppni skapist meðal landa í Evrópu um að bjóða fyrirtækjum upp á hagkvæmt rekstrarumhverfi. Fyrirtækin muni velja að stofna eða kaupa félög í þeim löndum þar sem eðlilegar og sanngjarnar reglur gilda. Það væri mjög skaðlegt ef settar verða óeðlilega íþyngjandi reglur hér á landi sem

<sup>1</sup> Sjá umsögn SA: <http://www.sa.is/page.asp?id=1212>



hrekja íslensk fyrirtæki úr landi og fæla erlend fyrirtæki frá stofnun íslenskra hlutafélaga og einkahlutafélaga.

Evrópusambandið hefur lagt áherslu á að til sé einfalt félagaform sem henti litlum og meðalstórum fyrirtækjum (SME's). Einungis stærri hlutafélög á Íslandi falla utan skilgreiningar ESB á litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Á mörgum sviðum, t.a.m. hvað varðar starfskjarastefnu í hlutafélögum, hefur ESB eingöngu litið til félaga sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði.

Mikilvægt er að taka tillit til þess að einkahlutafélög verða ekki skráð í kauphöll enda lúta hlutaskírteini í einkahlutafélögum ekki reglum um viðskiptabréf. Einkahlutafélög afla því ekki fjármagns á almennum markaði meðal almennings. Einungis þeir sem þekkja vel til reksturs og stjórnunar í einkahlutafélagi eru tilbúnir að kaupa þar hlut og þá yfirleitt það stóran eignarhlut að honum fylgi réttur til áhrifa. Þessir hluthafar þurfa allra síst á því að halda að settar verði íþyngjandi og kostnaðarsamar reglur sem tefja ákvörðunarferli og eru félaginu að öðru leiti til trafala.

Einnig er vert að minna á leiðbeiningarreglur um stjórnarhætti fyrirtækja sem unnar voru í samstarfi Kauphallar Íslands, Viðskiptaráðs Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Frá og með 1. janúar 2005 bar skráðum félögum í Kauphöll Íslands að fylgja leiðbeiningunum eða skýra ella frá frávikum (comply or explain). Í leiðbeiningunum er tekið á þeim þáttum sem máli skipta um stjórnarhætti fyrirtækja og verður ekki séð að nauðsynlegt sé fyrir löggjafann að grípa þar inn í. Það væri a.m.k. eðlilegt að gefa viðskiptalífínu lengri tíma til að sýna fram á að því sé treystandi fyrir reglusetningu á þessu sviði.

SA gagnrýna einnig hvernig tillögur frumvarpsins eru rökstuddar. Í fyrsta lagi er byggt á skýrslu nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis frá 2004. Gagnrýnt hefur verið að engir stjórnendur úr atvinnulífínu áttu sæti í nefndinni, enginn sem hafði reynslu af rekstri hlutafélags. Í ljós hefur komið að margar tillögur nefndarinnar voru ekki til þess gerðar að bæta löggjöfina og hafa því ekki komið til framkvæmda. Í öðru lagi er byggt á tilmælum framkvæmdastjórnar ESB um laun stjórnenda skráðra félaga frá 14. desember 2004.<sup>2</sup> Gengið er út frá því í frumvarpinu að innleiða verði ákvæði tilmælanna hér á landi. Tilmæli framkvæmdastjórnar ESB eru hins vegar ekki bindandi fyrir aðildarríkin enda hafa þau ekki stöðu reglugerðar eða tilskipunar frá ráðinu. Ekkert hefur komið fram um það að önnur lönd ætli að fella tilmælin inn í löggjöf. Þekkt er að tilmæli hafi tekið miklum breytingum þegar fjallað er um efnið af ráðinu. Í þriðja lagi er byggt á óljósum tillögum um lagabreytingar í Noregi, Svíþjóð og Bretlandi. Ekki er vitað um afdrif þessara tillaga og hvergi rökstutt af hverju Ísland á að vera í fararbroddi við að auka reglusetningu á sviði félagaréttar.

Samtök atvinnulífsins mæla eindregið með því að Alþingi endurskoði frumvörpin með tilliti til ofangreindra atriða. Samtökin gera jafnframt nánari athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

<sup>2</sup> [http://europa.eu.int/eur-lex/lex/LexUriServ/site/en/oj/2004/l\\_385/l\\_38520041229en00550059.pdf](http://europa.eu.int/eur-lex/lex/LexUriServ/site/en/oj/2004/l_385/l_38520041229en00550059.pdf)



### **Framboðsfrestur og upplýsingagiöf í tengslum við stjórnarkjör**

Í 1. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um hlutafélög er kveðið á um fimm daga framboðsfrest og ýmsar upplýsingar um frambjóðendur sem veita þarf samhliða tilkynningu. Ljóst er að ákvæðið verður að sæta endurskoðun, enda er í ákvæðinu gert ráð fyrir að veittar séu upplýsingar um starfsemi félagsins sjálfs sem ekki er skylt að upplýsa hluthafa um og getur jafnvel skaðað félagið. Ekki er t.a.m. hægt að gera þá kröfu að frambjóðandi til stjórnar upplýsi alla hluthafa um tengsl sín við viðsemjendur eða viðskiptamenn félagsins. Slíkar upplýsingar geta verið trúnaðarmál. Ekki er heldur sjálfgefið að frambjóðandi til stjórnar hafi vitneskju um hverjir viðskiptaaðilar félagsins eru.

Einnig er vert að minna á reglur Kauphallar Íslands hvað þessa þætti varðar. Upplýsingagiöf getur verið nauðsynleg í félögum sem skráð eru á skipulegum verðbrefamarkaði og hefur Kauphöllin þegar tryggt það á fullnægjandi hátt. Hvað önnur hlutafélög varðar þá verður ekki séð að ástæða sé til að auka við þau formaskilyrði sem um félögin gilda. Engin haldbær rök eru færð fyrir þessari nýju reglu í athugasemdum með frumvarpinu.

**SA mælast til þess að 1. gr. frumvarpsins verði felld brott eða taki verulegum breytingum.**

### **Stefnumið um starfskjör stjórnenda (starfskjarastefna)**

#### *Hlutafélög*

Sú krafa er gerð í 3. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um hlutafélög að stjórn félags sem fellur undir 1. – 3. mgr. 59. gr. laga um ársreikninga sé skylt að leggja starfskjarastefnu fyrir aðalfund til samþykktar. Starfskjarastefna skal skv. frumvarpinu ná til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og „annarra stjórnenda” félagsins.

Færð eru rök fyrir tillögunni í athugasemdum með frumvarpinu en þar segir: „Í kjölfar hneyklismála, sem komið hafa upp erlendis vegna óhóflegra starfskjarasamninga stjórnenda, hefur umræðan um lagasetningu varðandi starfskjör stjórnenda aukist.” Að öðru leyti er einungis vísað til tillagna eða hugmynda erlendis sem ekki hafa verið lögfestar og óskuldbindandi tillagna framkvæmdastjórnar ESB. Í flestum löndum hefur viðskiptalífnið verið treyst til að fylgja ólögfestum leiðbeiningum um stjórnhætti fyrirtækja og er eðlilegt að ekki verði gengið lengra gagnvart íslenskum félögum.

Í frumvarpi þessu virðist gengið mun lengra en samþykkt hefur verið í öðrum löndum. Í ljósi þess sem rakið er í inngangi umsagnar þessarar leggja SA til að ákvæðið verði fellt brott úr frumvarpinu. Engin rök hafa verið færð fyrir því af hverju Ísland á að vera í fararbroddi við reglusetningu á þessu sviði.

SA telja einnig mikilvægt í ljósi umræðunnar að koma almennum sjónarmiðum á framfæri. Ljóst er að tillaga frumvarpsins gengur allt of langt og frumvarpshöfundar



hafa ekki gert sér nægilega grein fyrir markmiðum með upplýsingagjöf um starfskjör stjórnenda eða starfskjarastefnu hlutafélaga. Starfskjarastefna er ekki leið til að þjóðfélagið geti veitt fyrirtækjum aðhald, þ.e. að síður verði samið um há laun í félagi ef almenningur, fjölmiðlar og stéttarfélög hafi aðgang að launaupplýsingum. Starfskjarastefna er fyrst og síðast vegna hluthafanna, eins og skýrt kemur fram í tilmælum framkvæmdastjórnar ESB um laun stjórnenda skráðra félaga frá 14. desember 2004:

*„The form, structure and level of directors' remuneration are matters falling within the competence of companies and their shareholders.”*

Í tilmælum ESB er margoft ítrekað að hagsmunir hluthafanna séu hafðir að leiðarljósi. Starfskjör stjórnenda eru með öðrum orðum málefni félagsins og hluthafanna. Þar af leiðandi er ekki ástæða til að veita upplýsingar um launakjör nema hagsmunir hluthafanna krefjist þess.

Þótt tillögur frumvarpsins eigi að byggjast á tilmælum framkvæmdastjórnar ESB þá er gengið mun lengra í frumvarpinu en tilmælin gera ráð fyrir. Að mati framkvæmdastjórnar ESB er það eingöngu í félögum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði að ástæða þykir til að tryggja hagsmunum hluthafa sérstaklega með framlagningu starfskjarastefnu. Engin rök hafa verið færð fyrir því að á Íslandi þurfi að settja strangari reglur og viðtækari en tilmæli ESB gera ráð fyrir.

Tillagan er einnig óskýr. Starfskjarastefna á skv. frumvarpinu að ná til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og „annarra stjórnenda” félagsins. Óljóst er hvort frumvarpinu er ætlað að ná til þeirra stjórnenda sem félagsstjórnin semur við eða hvort einnig sé átt við aðra stjórnendur sem ráðnir eru af framkvæmdastjórum. Að mati SA á ekki að fjalla um kjör millistjórnenda á hluthafafundi.

Tilvísun til laga um ársreikninga vekur sérstaka furðu enda eiga viðmiðanir þeirra alls ekki við. Krafa um löggiltan endurskoðanda skv. 59. gr. laga um ársreikninga er ekki síður til verndar kröfuhöfum og skiptir þá umfang rekstrarins miklu máli. Þegar kemur að kröfu um starfskjarastefnu þá skiptir fjöldi hluthafanna öllu máli en umfang rekstrarins er aukaatriði. Hlutafélag í eigu hjóna getur staðið í umfangsmiklum rekstri og fallið undir ákvæði 59. gr. laga um ársreikninga. Í slíku félagi er krafa um sérstaka starfskjarastefnu fjarstæða. Hafa verður í huga að vel yfir 800 hlutafélög eru skráð hjá hlutafélagaskrá og gera má ráð fyrir að verulegur hluti þeirra falli undir 59. gr. laga um ársreikninga. Hlutafélög sem skráð eru í Kauphöll Íslands eru á þriðja tuginn eða ca. 3% af öllum hlutafélögum. Það er að sjálfsögðu fráleitt að reglur sem taka mið af hagsmunum hluthafa í skráðum félögum verði settar yfir hundruði annarra hlutafélaga án þess að nokkrir hagsmunir krefjist þess.

Það er óhjákvæmilegt að gera greinarmun á félögum sem eru í raun lokuð, þ.e. með fáa hluthafa þar sem engin virk viðskipti eru með hlutabréf og síðan félaga með fjölda hluthafa og virkur markaður með hlutabréf. Í hlutafélagalögunum er gerður slíkur greinarmunur og lögin hafa að geyma viðmið þar sem sérstök þörf er talin á vernd hluthafa í fjölmennum félögum. Er þar annars vegar um að ræða ákvæði 7. mgr. 63.



gr. um rétt hluthafa til að krefjast hlutfalls- eða margfeldiskosninu við stjórnarkjör og hins vegar ákvæði 21. gr. um bann við hömlum á viðskipti með hluti. Í báðum tilvikum er miðað við að sérstök vernd hluthafi gildi ef 200 eða fleiri hluthafar eru í félaginu.

### **SA leggja áherslu á að ákvæði 3. gr. frumvarpsins verði fellt brott.**

#### *Einkahlutafélög*

Í 2. gr. frumvarps um breytingu á lögum um einkahlutafélög er gerð krafa um starfskjarastefnu í einkahlutafélögum sem falla undir 59. gr. laga um ársreikninga. SA geta ekki með nokkru móti séð hvaða rök liggja að baki því að setja svo íþyngjandi reglur um starfsemi einkahlutafélaga. Ljóst er að hluthafar í einkahlutafélögum hafa ekki kallað eftir því að kostnaðarsamar og íþyngjandi reglur verði settar um starfsemi félaganna sem taka tíma frá stjórnendum og starfsmönnum. Engin dæmi eru um að launagreiðslur til stjórnenda í einkahlutafélögum hafi sætt andmælum af hálfu hluthafa þannig að það kalli á sérstakar aðgerðir af hálfu löggjafans til verndar hluthöfum. Tengingin við lög um ársreikninga gengur enn síður upp í einkahlutafélögum en í hlutafélögum. Yfir 21 þúsund einkahlutafélög eru skráð hjá hlutafélagaskrá og er stærsti hluti þeirra í eigu eins til þriggja hluthafa. Í fjölmörgum tilvikum falla félögin undir 59. gr. laga um ársreikninga en samt sem áður engin þörf á sérstakri starfskjarastefnu. Fella verður ákvæðið brott. 4. og 6. gr. frumvarpsins taka breytingum til samræmis.

**SA mælast eindregið gegn því að krafa um starfskjarastefnu verði sett í lög um einkahlutafélög. Íþyngjandi reglur sem þessar ganga þvert gegn stefnumiðum ESB. Einkahlutafélagiformið verður að byggjast á einföldum reglum í samræmi við þarfir hluthafa. Ljóst er að hluthafar í einkahlutafélögum hafa ekki kallað eftir þessum kvöðum.**

#### **Lágmarksfyrirvari um fundarboð til hluthafafunda og framlagningu gagna**

Í 7. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um hlutafélög er sú tillaga gerð að lágmarksfyrirvari vegna boðunar hluthafafunda verði lengdur úr einni viku í tvær. SA bentu á í umsögn sinni til viðskiptaráðuneytisins árið 2004 að hvorki nefnd viðskiptaráðherra um íslenskt viðskiptaumhverfi né ráðuneytið sjálft hafi kannað meðal hluthafa (fjárfesta) hvort þeir telji sig ekki hafa nægan tíma til að kynna sér málefni sem taka á til meðferðar á hluthafafundum. Að mati SA ætti einnar viku boðunarfrestur að vera nægjanlegur fyrir lang flest hlutafélög. Vel má treysta félögunum sjálfum til að kveða á um boðunarfrest í samþykktum sínum. Mörg skráð félög hafa lengt boðunarfrestinn en í öðrum félögum hefur það verið mat hluthafa að einnar viku frestur sé heppilegri. Ekki er ástæða til að löggjafinn hrófli við því mati.





**Skýrsla matsmanna í tengslum við samrunaáætlun**

Í 10. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um hlutafélög er sú breyting gerð að senda á skýrslu matsmanna um leið og endurrit samrunaáætlunar er sent hlutafélagaskrá. Við könnun á framkvæmd hefur komið í ljós að ekki er hægt að tryggja að skýrsla matsmanna liggi fyrir við það tímamark þegar félögum ber að senda samrunaáætlun til hlutafélagaskrár, þ.e. einum mánuði eftir undirritun hennar. Í ákvæðinu er því rétt að hafa þann fyrirvara að liggi skýrsla matsmanna ekki fyrir þegar senda ber endurrit samrunaáætlunar til hlutafélagaskrá þá skuli skýrslan send þegar hún liggur fyrir.

Virðingarfyllst,

Ragnar Arnason, hdl.,  
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA



2. mars 2006

Alþingi,  
Efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á lögum um hlutafélög (444. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 10. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV eru aðilar að Samtökum atvinnulífsins, gegnum Samtök fjármálafyrirtækja, og taka undir umsögn SA um frumvarpið, sem laut bæði að þessu máli og þingmáli 445 um breytingu á lögum um einkahlutafélög. SBV vilja þó gera viðbótarathugasemdir við þingskjal 666 (444. mál), sem lúta að breytingum sem ekki eru í fyrirliggjandi frumvarpi en æskilegt væri að fá inn í lögina. Breytingartillögur SBV eru eftirfarandi:

Lagt er til að við frumvarpið bætist fjórar nýjar greinar, er verði 1.-4. gr., svohjóðandi:

1. gr.

Í stað orðanna “á verðbréfaþingi” í 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: í kauphöll.

2. gr.

Á eftir 1. málslíð 25. gr. laganna kemur nýr málslíður, sem orðast svo: Ef um rafrænt skráða hluti er að ræða skal greiða innlausnarverð inná þann vörslureikning viðkomandi hluthafa sem hlutirnir eru skráðir á.

3. gr.

Við 7. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málslíður, sem orðast svo: Þá skal félögum heimilt að birta opinberlega upplýsingar um tuttugu stærstu hluthafa félagsins hverju sinni.

4. gr.

Við 31. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Félög hafa heimild til að ákvarða að réttur til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs, enda sé það tímamark tiltekið í ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu og tilkynnt fyrirfram. Ef um skráð félög er að ræða skal slík tilkynning send kauphöll fyrir aðalfund, en hjá öðrum félögum skal birta tilkynningu þar um í Lögbirtingablaði.

Athugasemdir við greinarnar

Við 1. gr.

Kauphöll Íslands tók við hlutverki Verðbréfaþings Íslands um mitt ár 2002 og því er eðlilegt að orðalag ákvæðisins verði lagfært í samræmi við það. Orðið verðbréfaþing kemur ekki annars staðar fyrir í lögnum.

Við 2. gr.

Breytingunni er ætlað að tryggja hagsmuni þeirra hluthafa sem sæta innlausn á grundvelli ákvæðisins. Ákvæðið í núverandi mynd var lögfest fyrir gildistöku laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, og tekur því mið af hlutabréfum sem gefin eru út á pappír. Í þeim tilvikum er eðlilega nauðsynlegt að hluthafar færi sönnur á eignarhaldi sínu með því

að framvísa hlutabréfunum áður en þeir fá innlausnarverð greitt. Þegar um rafræn bréf er að ræða er slíkt ekki nauðsynlegt þar sem skráning í verðbréfamiðstöð (Verðbréfaskráningu Íslands) telst fullnægjandi sönnun á eignarhaldi. Í þeim tilvikum er því eðlilegt að yfirtökuaðili geti greitt innlausnarverð beint til hluthafa. Með þessari breytingu fá hluthafar innlausnarverðið greitt inná sama vörslureikning og hin innleystu bréf voru skráð, þannig að ein verðmæti koma í stað annarra. Breytingin bætir einnig stöðu hluthafa sem berst ekki tilkynning um yfirvofandi innlausn og/eða greiðslu innlausnarverðs, en í þeim hópi eru til að mynda dánarbú og aðilar sem búsettir eru erlendis, þar sem upplýsingar hlutaskrár um heimilisföng eru í flestum tilvikum miðaðar við þjóðskrá. Innlánsvextir vörslureikninga eru hærri en á geymslureikningum. Ef tölur verður á að hluthafar nálgist innlausnarverðið getur munað verulega á þeirri fjárhæð sem bíður þeirra á vörslureikningi miðað við ef um geymslureikning hefur verið að ræða.

Við 3. gr.


Breytingin miðar að því að taka af allan vafa um að félögum sé heimilt að birta opinberlega upplýsingar um tuttugu stærstu hluthafa sína. Í því sambandi má hafa í huga að Kauphöll Íslands býður útgefendum skráðra hlutabréfa að birta reglulega slíkar upplýsingar. Algengt er að félög nýti sér þá heimild. Eðlilegt er að slík hlutafélög, skráð sem óskráð, geti nýtt sér heimildina.

Við 4. gr.

Breytingin miðar að því að taka af skarið um að félög hafi heimild til að ákveða sjálf við hvaða tímamark rétturinn til arðs miðast. Fyrir hluthafa er lykilatriði að skýrt sé og gegnsætt hvenær sá réttur skapast. Þannig hefur Kauphöll Íslands sett þær reglur fyrir útgefendur skráðra bréfa að rétturinn til arðs miðast við lok aðalfundardags, þ.e. stöðu hlutaskrár eins og hún liggur fyrir hjá Verðbréfaskráningu Íslands við upphaf næsta viðskiptadags eftir aðalfund. Ef aðalfund ber upp á helgi er horft til upphafs næsta viðskiptadags. Þetta er í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkast í nágrannaríkjum Íslands hjá skráðum félögum. Kauphöllin gerir þær kröfur að tímamark arðsréttar sé tiltekið í ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu og tilkynnt fyrirfram til Kauphallar. Þegar um óskráð félög sem hyggjast nýta sér þennan rétt er að ræða er eðlilegt að gerð sé krafa um birtingu í Lögbitingablaði.

SBV vilja áréttta að þær breytingar sem 3. og 4. gr. miða að horfa til framkvæmdar sem SBV hafa lagt mikla áherslu á varðandi skráð félög. Kauphöll Íslands hefur þegar fært sínar reglur fyrir útgefendur til samræmis við þetta. Að mati SBV er hins vegar brýnt að hlutafélagalögin sjálf geymi skýrar reglur þar um svo enginn vafi leiki á um þessar heimildir félaganna, og jafnframt að reglurnar taki til allra félaga, en ekki einungis þeirra sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/907**  
**komudagur 17.2. 2006**

Til nefndasviðs Alþings  
Frá Samsamtökum fjárfesta.

Samtök fjárfesta telja ekki rétt að fjalla um önnur mál en varða beint stöðu fjárfesta og því munu samtökin ekki veita umsögn um mál er varða sérstaklega stöðu skuldara.

Þá telja Samtökin ekki rétt að veita umsögn um opinber hlutafélög.

Varðandi mál nr. 461 og 462 er ekki rétt að gera neinar athugasemdir, enda gera frumvörpin ráð fyrir aukinni upplýsingagjöf en slíkt er í þágu hluthafa.

Varðandi mál nr. 444 og 445 þá telja Samtök fjárfesta að öll ákvæði þessara frumvarpa séu til bóta fyrir réttarstöðu hluthafa, svo og stöðu hluthafa til að fylgjast með rekstri hlutafélaga fyrirfram í stað þess að standa frammi fyrir orðnum hlut í ársskýrslum að loknu rekstarári.

Tillögur um rafrænar atkvæðagreiðslur er einnig til mikilla bóta enda þótt ekki megi reikna með því að slíkar atkvæðagreiðslur nái tæplega fram að ganga næstu 2 – 4 ár.

Með vinsemd,  
Vilhjálmur Bjarnason  
Formaður Samtaka fjárfesta.  
GSM 895 6280



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/1044**  
**komudagur 24.2.2006**

23. febrúar 2006

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 10. febrúar 2006 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um hlutafélög, 444. mál, stjórnarhættir, starfskjör stjórnenda, og um frumvarp til laga um einkahlutafélög, 445. mál.

Efni frumvarpanna fellur utan sérviðs Seðlabanka Íslands. Almennt styður Seðlabankinn þó viðleitni í þá átt að skýra og styrkja lagaákvæði um hlutverk, ábyrgð og störf stjórna, ákvörðun launakjara stjórnenda og stjórnarmanna og samskipti við hluthafa.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson  
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

**Alþingi**  
**Erindi nr. P / 32/1083**  
**komudagur 27. 2. 2006**



ALÞINGI ÍSLENDINGA  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 – 10

SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI  
RÍKISINS

150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN

DAGSETNING

SEB/eeg/06/0654

24.02.2006

**Efni: Umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna Frumvarps til laga um hlutafélög, 444. mál og einkahlutafélög, 445. mál, stjórnhættir og starfskjör stjórnenda hjá hlutafélögum.**

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist bréf Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags 10. febrúar 2006, þar sem óskað er umsagnar skattrannsóknarstjóra ríkisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög, stjórnhættir og starfskjör stjórnenda, mál 444 og 445, þingskjöl 666 og 667. Af því tilefni er Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi:

**u m s ö g n :**

Aðalefni frumvarpsins er um breytingar sem gerðar eru í kjölfar nefndar sem fjallaði um íslenskt viðskiptaumhverfi fyrir nokkrum misserum síðan. Tillögur nefndarinnar um breytta stjórnhætti í félögum eru flestar framfaraspor, að svo miklu leyti sem unnt er að koma þeim í framkvæmd. Almennt má segja að allt sem stuðlað getur að gegnsæi er til bóta og til þess líklegt að bæta almennt siðferði í viðskiptum. Það er einnig líklegt að umgengni og virðing fyrir starfsreglum verði betri.

Ákvæði um rafræn skjöl og þýðingu þeirra eru athyglisverð. Í því samhengi er rétt að hafa hugfast að við rannsóknir á ætluðum brotum gætir þess að ætlaðir sendendur tölvupósta kannist ekki við sendingar á síðari stigum málsmeðferðar. Skiptir því miklu að unnt sé að færa sönnur á að sendandi sé sá sem hann segist vera. Verður ekki annað ráðið af frumvarpinu en höfundar þess séu þeirrar skoðunar að þau mál hafi verið leyst með því að sönnunarkrafan sé lögð á viðeigandi lögaðila

Í frumvörpunum eru önnur athyglisverð nýmæli. Þar má nefna ákvæði um rafrænar kosningar á hluthafafundum. Mun þetta örugglega horfa til framfara þótt óneitanlega kunna það að verða sérstakir fundir þar sem allir eru í rafrænu sambandi.




Frá sjónarhóli skattyfirvalda skiptir auðvitað mestu að allar reglur séu skýrar og óumdeildar og unnt sé að rekja allar ákvarðanir og forsendur þeirra. Það er í þessu tilviki sérstaklega brýnt þar sem rafrænar aðferðir eru sagðar eiga í hlut. Eins og frumvarpið liggur fyrir verður að telja að þeim kröfum sé fullnægt.

Í 2. gr. frumvarps til laga um hlutafélög er ákvæði er heimilar félagsstjórnnum að halda stjórnarfundum án þess að framkvæmdastjóri eigi rétt til setu á þeim. Segir í athugasemdum við frumvarpið að þar sé tekinn af allur vafi um heimildir félagsstjórnar til að funda án framkvæmdastjóra. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að þáttur framkvæmdastjóra í rekstri og daglegri stjórnun félaga er mikilvægur séð frá sjónarhóli hugsanlegrar refsíabýrgðar vegna brota framin í rekstri félaga, þ. á m. vegna skattalagabrota. Eru fjölmörg dæmi um það að framkvæmdastjórum hafi verið gerð refsing vegna slíkra brota. Er af þeim sökum mikilvægt að framkvæmdastjórar hafi alla þá yfirsýn yfir rekstur félagsins sem nauðsynlegur verður að teljast. Hlýtur þar að fylgja réttur þeirra til setu stjórnarfundum félaga. Skattransóknarstjóri ríkisins telur því ákvæði núgildandi laga heppilegra, þar sem sú meginregla gildir að stjórnarfundir verði ekki haldnir án þátttöku framkvæmdastjóra. Eins og frumvörpin liggja nú fyrir er þó eingöngu gert ráð fyrir að þessi breyting nái til hlutafélaga en ekki einkahlutafélaga.

Skattransóknarstjóri ríkisins telur ekki ástæðu til að fara nánar ofan í einstök efnisatriði frumvarpsins enda verður að telja að það falli utan aðalverksviðs embættisins.

Virðingarfyllst,



Skúli Egger Þorðarson

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1114  
komudagur 2.3.2006



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

23. feb. 2006

**Efni: Umsögn SVP um frumvarp til laga um hlutafélög, 444.mál og frumvarp til laga um einkahlutafélög, 445.mál, stjórnarhættir, starfskjör stjórnenda.**

SVP- Samtök verslunar og þjónustu hafa yfirfarið frumvörpin sem eru að flestu leyti svipuð og jafnframt hafa þau yfirfarið umsögn SA og rætt við höfunda þeirrar umsagnar. Samtökin vilja taka undir umsögn SA og gera hana jafnframt að sinni. Jafnframt er ítrekað að flest íslensk fyrirtæki falla undir þá skilgreiningu sem einkennd er með SME's í Evrópulöggjöf, þ.e.a.s. lítil og meðalstór fyrirtæki. Jafnframt er ástæða til að áréttta þó ósk SA, að atvinnulífið fái tækifæri til að sýna fram á að þær leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, sem samkomulag hefur orðið um, virki.

SVP-Samtök verslunar og þjónustu óska eftir að Alþingi endurskoði frumvarps-textann í ljósi áður nefndrar umsagnar SA.

Virðingarfyllt,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri





VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

*Alþingi*  
*Erindi nr. P/32/1001*  
*komudagur 23.1.2006.*

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 23. febrúar 2006.

**Efni: Frv. til laga um breytingu á l. um hlutafélög nr. 2/1995 (444. mál)**

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er einkum ætlað að bæta reglum um stjórnarhætti og starfskjör stjórnenda við lög um hlutafélög.

Síðustu áratugir hafa verið áratugir vaxandi viðskipta. Höftum og bönnum hefur verið aflétt af viðskiptalífi, og fjármagnsmarkaði vestrænna ríkja, sem hefur skapað því víðara svigrúm en áður hefur þekkt. Þetta svigrúm hefur viðskiptalífið notað til að vaxa og þróast. Þrátt fyrir þetta aukna frelsi hefur ríkisvaldið enn töluverða stjórn á viðskiptum með margvíslegri íhlutun og reglusetningu. Þrátt fyrir bætt viðskiptalíf og aukna tækni hefur regluverk viðskiptalífs og fjármagnsmarkaðar aldrei verið flóknara og viðameira. Aukin tækni og framþróun virðist hafa einfaldað allt líf manna nema reglurnar sem þeir búa við. Fyrirfram hefði mátt búast við því fram að aukin framþróun sem einfaldar líf og viðskipti myndi einnig einfalda lög og reglur en reynslan hefur verið þveröfug.

Þegar löggjafinn hyggst setja reglur um íslenskt viðskiptalíf er ekki nóg að hann færi rök fyrir því að tiltekin regla sé í sjálfu sér æskileg heldur verður einnig að rökstyðja að nauðsynlegt sé að löggjafinn setji regluna. Þannig verður að rökstyðja að ekki sé hægt að setja viðkomandi reglu í samþykktir félaga, leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eða reglur kauphalla. Þeirri röksemd er ekki til að dreifa í þessu tilvik.

Viðskiptalífið telur sig betur í stakk búið heldur en ríkið til að setja sér reglur. Öll lagasetning um viðskiptalífið er í eðli sínu íþyngjandi og löggjafinn á því að stiga létt til jarðar í þessum efnum. Löggjöfin á ekki að teygja sig inn á fleiri svið nema ljóst sé að markmiðum hennar verði ekki náð með öðrum hætti.

Í 1. og 7. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um það hvernig standa skuli að kjöri og framboði til stjórnar og boðun aðalfundar. Ákvæði af þessum toga eiga ekki heima í lögum heldur í samþykktum félaga. Með því móti hafa félög val um það hvort þau taka upp slíkt ákvæði. Ef fjárfestar, einkum minni fjárfestar, telja að hagsmunum sínum sé betur varið ef slíkt ákvæði gildir þá hefðu þeir val um að fjárfesta aðeins í

félögum sem hefðu slíkt ákvæði í samþykktum sínu. Þannig væru hagsmunir allra tryggðir, ef þeir gera sjálfir reka að því að tryggja þá.

Í 3. og 5. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að stærri félög skuli setja sér starfskjarastefnu. Í kafla 3 B í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð gaf út í samstarfi við Kauphöll Íslands og Samtök atvinnulífsins er mælt með að félög skipi sérstaka starfskjaranefnd. Í grein 2.2.4 í Reglum Kauphallar Íslands er áskilið að upplýsa skuli um kaupréttaráætlanir til handa starfsmönnum. Í greingerð með frumvarpi því er hér er til skoðunar eru ekki færð rök fyrir því að þessi ákvæði í leiðbeiningunum og Reglum Kauphallarinnar séu ekki nægjanleg. Þá gildir það sama um 3. gr. og 1. gr., þ.e.a.s. ákvæði af þessu tagi eiga heima í samþykktum félaga.

Í 9. og 11. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um aukna minnihlutavernd hvað varðar rannsókn á stofnun félags og skaðabótakröfur sem félagið hefur uppi. Ákvæði af þessum toga eiga ekki heima í lögum heldur í samþykktum félaga. Með því móti hafa félög val um það hvort þau taka upp slík ákvæði. Ef fjárfestar, einkum minni fjárfestar, telja að hagsmunum sínum sé betur varið ef slíkt ákvæði gildir þá hefðu þeir val um að fjárfesta aðeins í félögum sem hefðu slíkt ákvæði í samþykktum sínu. Þannig væru hagsmunir allra tryggðir, ef þeir gera sjálfir reka að því að tryggja þá.

Önnur ákvæði frumvarpsins, 2., 4., 6., 8., 12. og 13. gr., fjalla um rafræna stjórnarhætti og gerir Viðskiptaráð ekki athugasemd við þau.

**Viðskiptaráð ieggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga, nema þau ákvæði er varða rafræna stjórnarhætti.**

Virðingarfyllst,  
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

  
Davíð Þorláksson

Viðskiptaráðuneytið  
Jón Ögmundur Pormóðsson

G:\JONOGM\hf.frv.v.vidskiptalifs.doc  
15.3.2006

Til efnahags- og viðskiptanefndar.

Hlutafélagafrumvarp vegna viðskiptalífsnefndar  
444. mál.

### **Samanburður milli landa: Nokkrar athugasemdir.**

#### 1. gr. frv. (framboðstilkynningar)

Íslensk ákvæði.

Ekki í dönsku hlutafélagalögunum sem íslensku lögin hafa byggt á.

Ekki í drögum Evrópusambandsins að tilskipun um réttindi hluthafa.

#### 2. gr. frv.

##### (a-liður - fundir félagsstjórnar án framkvæmdastjóra)

Ákvæði gildandi laga byggt á dönskum lögum.

Skýring í athugasemdum með frumvarpi skömmu fyrir 1980 sýndist veita skýr svör um seturétt með umræðu- og tillögurétti nema í einstökum tilvikum þegar til meðferðar væru mál sem vörðuðu stöðu og ráðstafanir framkvæmdastjóra. Frumvarpshöfundum hefur þó þótt ástæða til að reyna að gera ákvæðið enn skýrara.

##### (b-liður - stjórnarfundir með aðstoð rafrænna miðla)

Ákvæði frumvarps þessa og önnur ákvæði frumvarpsins um rafræna miðla er byggt á dönskum lögum.

Ýmis lönd í Evrópu og Evrópusambandið og þá Evrópska efnahagssvæðið eru á sömu ferð.

#### 3. gr. frv. (starfskjarastefna)

A.m.k. Norðmenn og Svíar hafa ætlað að setja lög.

Evrópusambandið telur æskilegt að bindandi reglur séu settar fremur en leiðbeiningar með skýringum á frávikum.

#### 4. gr. frv. (rafrænir hluthafafundir og rafræn samskipti milli félags og hluthafa)

Byggt á dönskum lögum.

Stefnt í þessa átt á Evrópska efnahagssvæðinu. Í nýlegum drögum Evrópusambandsins að tilskipun um réttindi hluthafa er aðeins gert ráð fyrir heimild félaga til rafrænna hluthafafunda. Í

a-lið 4. gr. frv. er hins vegar gert ráð fyrir að félögum, sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði sé skylt að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflaga eða rafrænt.

5. gr. frv. (starfskjarastefna: viðmið varðandi félög).

Í EES-tilmælum er aðeins gert ráð fyrir að ákvæðin nái til hlutafélaga, sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað (markaðsskráðra hlutafélaga) en ríkjum er heimilt að láta ákvæðin ná til hlutafélaga almennt eða jafnvel einkahlutafélaga eða þá miða við umfang, t.d. við endurskoðendaskyldu.

Miðað er við þau hlutafélög (og einkahlutafélög) sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda, hafi t.d. 50 starfsmenn minnst.

6. gr. frv. (ráðherra boðar til hluthafafundar).

Byggt er á dönskum lögum.

Hér er gert ráð fyrir undantekningu þannig að ekki þurfi að halda rafrænan hluthafafund samkvæmt félagssamþykktum í þeim örfáu tilvikum sem viðskiptaráðherra kann að þurfa að láta lögmann halda slíkan fund.

7. gr. frv. (boðun til hluthafafundar með tveggja vikna fyrirvara í stað einnar viku fyrirvara).

Samkvæmt lögnum um hlutafélög þarf að boða til hluthafafundar með minnst viku en mest fjögurra vikna fyrirvara eins og í dönsku lögnum sem hlutafélagalögin hafa verið byggð á. Gerð er tillaga um að breyta lágmarkstímanum úr viku í tvær vikur.

Í athugasemdum hefur komið fram að víðast hvar í Evrópu sé fresturinn lengri, þ.e. hálfur mánuður til mánuður. Frumvarpið gerir ráð fyrir hálfum mánuði sem meginreglu en fyrir öll hlutafélög, ekki aðeins markaðsskráð félög, með undantekningarmöguleikum þeirra sem eiga yfir 90% hlutafjár. Samkvæmt lögum um hlutafélög geta félög ákveðið í samþykktum að hafa fyrirvarann lengri en viku.

Í drögum Evrópusambandsins að tilskipun um réttindi hluthafa er stefnt að því að auðvelda hluthöfum, einkum erlendum hluthöfum, að beita atkvæðisrétti. Er stefnt að því í markaðsskráðum hlutafélögum að fresturinn sé ákveðinn 30 dagar. Þessi tímamörk kunna að breytast og nokkur ár kunna að líða þar til ný regla verður tekin upp.

9. gr. frv. (sérstakar rannsóknir í hlutafélögum)

Samkvæmt gildandi lögum um hlutafélög þurfa hluthafar, sem eiga yfir 25% hlutafjár, að gera kröfu um sérstaka rannsókn. Er 25% ákvæðið byggt á dönskum lögum.

Bent er í athugasemdum á tillögur nefndar um félagarétt hjá Evrópusambandinu varðandi lækkun prósentu, í 10% samkvæmt frumvarpinu.

10. gr. frv. (yfirlýsing matsmanna)

Breytingin er tæknileg að frumkvæði hlutafélagaskrár.

Um 11. gr. (gerð skaðabótakröfu)

Samkvæmt gildandi lögum geta hluthafahópar, sem ráða yfir minnst 20% af heildarhlutafé hlutafélags, gert skaðabótakröfu vegna félagsins og í nafni þess. Þetta ákvæði er byggt á dönskum lögum um hlutafélög (10% þó þar). Gerð er tillaga um að 20% verði 10% til að auka minnihlutavernd.

Um 12. gr. (refsiákvæði)

Þarfnast ekki skýringar.

13. gr. frv. (rafrænar undirskriftir)

Þarfnast ekki skýringar.

14. gr. frv. (tilvísun í starfskjaratilmæli framkvæmdastjórnar ESB)

Þarfnast ekki skýringar.

15. gr. frv. (gildistökuákvæði)

Þarfnast ekki skýringar.